

**Sp.**

**802. Framhaldsnefndarálit**

[11. mál]

um till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur að nýju tekið tillöguna til meðferðar ásamt þeim brtt. sem fram hafa komið eftir að nál. á þskj. 507 var skilað. Þar sem fluttar hafa verið efnislegar brtt. og miklar umræður orðið um tillögu nefndarinnar um málsmeðferð á þskj. 507 fellst nefndin á að draga tillögu sína á því þskj. til baka. Um málið efnislega vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Kjarasamningar kveða með mjög misjöfnum hætti á um rétt starfsmanna til aldurs-hækkana. Þannig er í kjarasamningum opinberra starfsmanna að fullu tekið tillit til starfa hjá opinberum aðilum hafi starfsmaður fengið greidd laun skv. launakerfi opinberra starfsmanna. Heimilt er að meta starfsaldur hjá öðrum aðilum allt að sex árum og jafnframt getur lífaldur starfsmanns ráðið ákvörðun starfsaldurs. Á almennum vinnumarkaði er þessu á annan veg farið. Meginreglan er sú að starfsaldur ávinnst í hverri starfsgrein fyrir sig. Þannig fær t.d. starfsmaður í fiskvinnslu að fullu viðurkenndan starfsaldur í öðrum fiskvinnsluhúsum en ekki er tekið tillit til starfa í öðrum greinum. Sá sem hefur tíu ára starfsaldur í fiskvinnslu á skv. samningum að byrja á byrjunarlaunum ef hann hefur störf í annarri grein, t.d. í verslun.

Í ýmsum kjarasamningum, t.d. hjá ríkisverksmiðjum og hjá Íslenska álfélaginu, er einungis litið til starfsaldurs í viðkomandi verksmiðju, þ.e. á vinnustað. Þá má einnig nefna að í sumum tilvikum er ekki um að ræða starfsaldurshækkanir á launum, t.d. í þingmennsku og ákvæðisvinnu margs konar.

Í kjarasamningum opinberra starfsmanna er heimild til þess að meta heimilisstörf til allt að sex ára starfsreynslu. Hliðstætt ákvæði er í samningum Starfsmannafélagsins Sóknar og í ýmsum öðrum kjarasamningum er að finna ákvæði af sama toga.

Öllum er ljóst að reynsla af heimilisstörfum getur oft nýst á vinnumarkaði, stundum að fullu. Enginn dregur væntanlega í efa hæfni margra barna móður til þess að vinna að barnagæslu svo að dæmi sé nefnt. Fyrir liggur að í gildandi samningum er tekið tillit til þessarar reynslu þegar um skyld störf er að ræða en umdeilanlegt er hvort slíkt er gert í nægilega ríkum mæli. Öðru máli gegnir þegar um óskyld og sérhæfð störf er að ræða. Næði tillagan fram að ganga óbreytt gæti t.d. komið upp sú staða að kona, sem unnið hefur á tölvu í ríkisstofnun í 5 til 10 ár, fengi samstarfskonu sem hefði aldrei unnið að störfum utan heimilis en ætti engu síður rétt á hærri launum. Starfsmaðurinn með lengri starfsreynslu, sem kenna ætti nýliðanum, væri á lægri launum jafnvel þótt viðkomandi hefði sinnt heimilisstörfum samhliða vinnu utan heimilis lengur en nýliðinn. Í tilviki sem þessu er líklegt að ráðning húsmóður til starfans yrði talin óæskileg en ella hlyti starfsmaðurinn, sem fyrir var, að telja sér verulega misboðið.

Af framansögðu má ljóst vera að það mál, sem hér um ræðir, er ekki einfalt og að tillagan er að óbreyttu ekki til þess fallin að leysa vanda húsmæðra sem vilja fara til starfa úti á vinnumarkaðinum.

Með skírskotun til framanritaðs leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson,  
form.  
Birgir Ísl. Gunnarsson.

Stefán Benediktsson,  
fundaskr.  
Geir H. Haarde.  
Eiður Guðnason.

Guðmundur J. Guðmundsson,  
frsm.  
Eggert Haukdal.